

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

22. fundur.

að Hlíðavegi 6, 28. júní 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2006, seinni umræða.
3. Kjör oddvita og varaoddvita.
4. Styrkbeiðni frá Landsmóts- og unglíngalandsmótsnefnd HSP.
5. Tillaga frá nemendum og kennurum Reykjahlíðarskóla þess efnis að bætt verði við merkjum í þorpinu.
6. Umsókn um lán úr Skútusjóði.
7. Erindi frá Sýslumanni dags. 13. júní þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar á gistileyfi til handa Hlíð ferðapjónustu.
8. Fundargerð Skólanefndar frá 13. júní.
9. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 11. júní.
10. Drög að samþykkt um gatnagerðargjald.
11. Umsókn um starf skólastjóra Tónlistarskóla.
12. Bréf frá Heilbrigðisráðuneyti dags. 4. júní.
13. Uppgreiðsla Hlíðar ferðapjónustu á skuldabréfi.

Til kynningar:

Fundargerð samstarfsnefndar um sameiningju sveitarfélaga dags. 4. júní.

Fundargerðir stjórnar Eypings 180 og 181 fundur.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Ársreikningur 2006, seinni umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 231,7 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 208,5 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 217,7 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 188,1 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,625% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis sem er lögbundið hámark þess. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 26,4 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 3,7 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 5,7 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 2,3 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 317,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 220,6 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 123,0 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 32 stöðugildum.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2006 var 410 og fækkaði um 18 frá fyrra ári.

Kjörnir skoðunarmenn hafa haft samband við sveitarstjóra og tjáð honum að þeir geri ekki athugasemdir við reikninginn að öðru leit en verið hefur þ.e. að óþolandi sé að stórar upphæðir standi enn út af vegna óinnheimtra tekna af sölu heits vatns.

3. Kjör oddvita og varaoddvita.

Gerð var tillaga um að Margrét Hólm Valsdóttir yrði kjörin oddviti og Böðvar Pétursson varaoddviti, bæði til eins árs. Aðrar tillögur voru ekki gerðar og eru Margrét Hólm og Böðvar því sjálfkjörin.

4. Styrkbeiðni frá Landsmóts- og unglíngalandsmótsnefnd HSB.

Sótt er um styrk vegna Landsmóts UMFÍ sem haldið er 5-8 júlí og vegna Unglíngalandsmóts sem haldið er 3-5. ágúst.
Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 70.000,-

5. Tillaga frá nemendum og kennurum Reykjahlíðarskóla þess efnis að bætt verði við merkjum í þorpínu.

Með áskorunarlista frá nemendum og kennurum Reykjahlíðarskóla er sveitarstjórn hvött til þess að huga betur að merkingum í þorpínu. Bent er á að einugnis séu tvö umferðarmerki séu til staðar.
Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og hefur fullan vilja til að bæta úr.

6. Umsókn um lán úr Skútusjóði.

Erindi frá Steingrími Jóhannessyni dags. 21. júní þar sem óskað er eftir láni úr Skútusjóði vegna byggingar íbúðarhúss að Múlavegi 9. Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

7. Erindi frá Sýslumanni dags. 13. júní þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar á gistileyfi til handa Hlíð ferðapjónustu.

Borist hefur bréf frá Sýslumanni þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar á endurnýjun gistileyfis til handa Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ferðapjónustu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leiti við að leyfið verði veitt.

8. Fundargerð Skólanefndar frá 13. júní.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að gengið hafi verið frá ráðningu Aðalheiðar Helgadóttur í 100% stöðu kennara fyrir komandi skólaár. Sveitarstjórn hafði áður samþykkt ráðninguna með tölvupóstsamskiptum. Einnig leggur skólanefnd til að gengið verði frá ráðningu tveggja leiðbeinenda fyrir komandi skólaár, þeirra Lilju Bjarkar Þuríðardóttur í 50% stöðu og Brynju Ingólfsdóttur í amk. 70% stöðu.

Sveitarstjórn samþykkir ráðningarnar.

Í þriðja lið fundargerðarinnar beinir skólanefnd og skólastjóri þeirri spurningu til sveitarstjórnar hvort áfengisneysla sé heimil í skólahúsnæðinu þegar það er leigt utan skólatíma þar sem skv. skólareglum sé notkun vímuefna bönnuð í skólanum og á skólalóðinni. Því er til að svara að á meðan á skólastarfi stendur gildir sú regla að notkun vímuefna í og við skólann er bönnuð. Hins vegar hafa ekki verið settar neinar reglur þar um á öðrum tímum þar sem það hefur ekki verið talið nauðsynlegt og neysla áfengis í skólahúsinu heyri til undantekninga. Sjálfsagt má deila um hvor setja beri slíka reglu en í því sambandi bendir sveitarstjórn á félagsheimili lítilla sveitarfélaga sem nýtt eru sem skólahúsnæði á veturnum.

9. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 11. júní.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skv. landbótaáætlun 2007-2010 skulu landnýtendur á Austurafrétti bera á 50 tonn af áburði ár hvert. Nefndin gerði drög að áætlun um dreifingu til næstu fjögurra ára. Ákveðið var að deila áburðinum niður á fé til fjallskila skv. gangnaseðli 2006. Þó þannig að þeir aðilar sem eiga fátt fé fari að jafnaði annað hvert ár en hinir á hverju ári.

Áætlunina skal endurskoða á hverju ári.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

10. Drög að samþykkt um gatnagerðargjald.

Fyrir fundinum liggja drög að nýrri samþykkt um gatnagerðargjald. 1. júlí s.l tóku gildi ný lög um gatnagerðargjald, nr. 153/2006. Nýju löggin eru um margt ítarlegri en eldri lög nr. 17/1996, um sama efni.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að uppfæra eldri gjaldskrá um gatnagerðargjald til samræmis við ný lög.

11. Umsókn um starf skólastjóra Tónlistarskóla.

Ein umsókn barst um stöðu skólastjóra Tónlistarskólans frá Tarvo Nömm.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Tarvo til starfans. Einnig verði í samráði við

Tónlistarskólustjóra ráðinn kennari við skólann sem hafi píanókennslu sem aðalgrein.

12. Bréf frá Heilbrigðisráðuneyti dags. 4. júní.

Með bréfi dags. 4. júní er Heilbrigðisráðuneytið að svara tveimur spurningum sem sveitarstjórn hafði beint til ráðuneytisins, varðandi framtíðaráform í húsnæðismálum heilsugæslustöðvar í Mývatnssveit. Sveitarstjórn lýsir vonbrigðum sínum með svör ráðuneytisins. Í bréfinu kemur fram að þó æskilegt væri að endurnýja húsnæði heilsugæslustöðvar í Mývatnssveit er ekki líklegt að það geti orðið á næstu fimm árum nema fjárveitingar til stofnkostnaðar fyrir heilbrigðisstofnanir verði hækkaður verulega. Einnig segir *“Sem stendur þarf að ljúka nokkrum dýrum og brýnum verkefnum, sem hafa verða forgang fram yfir þetta verk”*. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur fullan skilning á því að forgangsraða þurfi verkefnum eftir mikilvægi þeirra, hins vegar skilur sveitarstjórn ekki hvernig slík forgangsröðun fer fram hjá hinu háa ráðuneyti. Frá því fyrir árið 2000 hefur ráðuneytinu verið ljóst ástand þess húsnæðis sem heilsugæslustöðin er í og þrátt fyrir fundahöld, heimsóknir ráðuneytismanna og bréfaskriftir er bygging/leiga, nýrrar heilsugæslustöðvar í Mývatnssveit ekki einu sinni komin í framkvæmdaröð hjá ráðuneytinu. Sveitarstjórn veltir fyrir sér hvað þurfi til að koma og hversu slæmt þarf ástandið á húsnæðinu að vera til að það flokkist sem brýnt verkefni. Þess ber að geta að yfir 200 þúsund manns sækja Mývatnssveit heim á ári hverju. Varðandi seinni spurninguna um hvort heimild fái til langtímaleigu á húsnæði undir heilsugæslustöð svarar ráðuneytið því til að *“ef tók væru á að leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemina á hagstæðu verði er það kostur sem rétt væri að skoða nánar”*. Sveitarstjórn telur að málið sé búið að vera meira og minna í skoðun síðan fyrir árið 2000 og nú sé komið að því að heilbrigðisráðuneytið taki ákvörðun um framhaldið. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

13. Uppgreiðsla Hlíðar ferðaþjónustu á skuldabréfi.

Eftir samningaviðræður við forsvarsmenn Hlíðar ferðaþjónustu samþykkir sveitarstjórn að fella niður skuldabréf fyrirtækisins gegn 14. milljóna króna eingreiðslu.

Fleira ekki gert.
Fundi slítið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.